



## Útflutningstekjur ferðapjónustu tæplega þrefalt meiri en sjávarútvegs

Þjónustuútflutningur nam samtals 673 mö.kr. á síðasta ári og jókst um 27 ma.kr. milli ára, eða 4,1%. Eins og verið hefur síðustu ár bar vöxtur ferðapjónustu uppi heildaraukningu í þjónustuútflutningi. Útflutningur ferðapjónustu nam 504 mö.kr. og jókst um 41 ma.kr. milli ára, eða um 8,9%. Ef ekki hefði komið til aukning í útflutningi ferðapjónustu hefði útflutningur þjónustu því dregist saman um 15 ma.kr., eða 2,3%.

### Vöxtur þjónustuútflutnings síðustu ára einungis rakinn til ferðapjónustu


Verðmæti þjónustuútflutnings hefur tvöfaldast milli áranna 2009 og 2017 og hefur farið úr 332 mö.kr. og upp í 673 ma.kr. Aukningin nemur 341 mö.kr. Á þessu tímabili jókst útflutningur ferðapjónustu öllu meira, eða um 348 ma.kr. Ljóst er því að útflutningur þjónustu hefði dregist saman í heild sinni á þessu tímabili ef ekki hefði komið til vöxtur í útflutningi ferðapjónustu.

### Útflutningsverðmæti tæplega helmingi meira en bæði sjávarútvegs og áls


Útflutningur ferðapjónustu jókst töluvert á síðasta ári á sama tíma og útflutningsverðmæti sjávarafurða dróst saman. Útflutningsverðmæti sjávarafurða nam 183 mö.kr. og lætur því nærri að útflutningsverðmæti ferðapjónustu hafi verið þrefalt meira en útflutningsverðmæti sjávarafurða. Hér er rétt að benda á að útflutningsverðmæti áls nam 184 mö.kr. og því lætur nærri að útflutningsverðmæti ferðapjónustu hafi reynst helmingi meira en samanlagt útflutningsverðmæti sjávarafurða og áls.

### Vöxtur innflutnings skýrist líka af auknum ferðalögum


Innflutningur þjónustu nam 399 mö.kr. á síðasta ári og jókst um 9,8 ma.kr., eða um 2,5%. Það sem skýrir þennan vöxt er fyrst og fremst utanlandsferðir Íslendinga. Aukning í bæði inn- og útflutningi verður því einungis skýrð með aukinni ferðapjónustu. Útgjöld vegna ferðalaga Íslendinga



Heimild: Hagstofa Íslands



Heimild: Hagstofa Íslands



Heimild: Hagstofa Íslands





erlendis námu 176,5 mö.kr. á síðasta ári og jukust um 24,5 ma.kr. milli ára, eða 16,1%. Án þessa vaxtar hefði mælst 14,6 ma.kr. samdráttur í heildarinnflutningi þjónustu á síðasta ári eða 3,8%.

### **Styrking krónu hefur stuðlað að auknum ferðalögum landans**

Ferðalög Íslendinga erlendis hafa aukist töluvert á síðustu árum og má skýra það að hluta til með styrkingu krónunnar sem hefur aukið kaupmátt íslenskra heimila erlendis. Einnig hefur efnahagslegur uppgangur hér á landi og aukinn kaupmáttur mikið að segja. Þessi aukning ferðalaga Íslendinga til útlanda á stærstan þátt í þeim vexti sem orðið hefur í þjónustuinnflutningi á síðustu árum. Frá árinu 2009 hefur þjónustuinnflutningur aukist um 155 ma.kr. Innflutningur ferðaþjónustu hefur á sama tímabili aukist um 112 ma.kr. og skýrir hann því 72% af heildaraukningu þjónustuinnflutnings á þessu tímabili. Milli árana 2014 og 2017 skýrir aukinn innflutningur ferðaþjónustu alla aukningu í innflutningi þjónustu. Á þessu tímabili jókst innflutningur ferðaþjónustu um 63 ma.kr. en innflutningur annarrar þjónustu dróst saman um 28 ma.kr. Á tímabilinu jókst því heildarinnflutningur þjónustu um 35 ma.kr.

### **Þjónustuafgangur aldrei meiri**

Þjónustujöfnuður var jákvæður um 274 ma.kr. á síðasta ári og jókst afgangurinn um 17 ma.kr., eða 6,5%. Þetta er þriðja árið í röð sem þjónustuafgangur eykst á milli ára og er þetta mesti þjónustuafgangur sem mælst hefur hér á landi. Afgangur af þjónustujöfnuði hefur aukist mikið á síðustu árum en hann var 94 ma.kr. árið 2009 og hefur því aukist um 180 ma.kr. sem er nærri því þreföldun á þessu tímabili. Langstærstan hlut í þessari aukningu má rekja til aukins útflutnings í ferðaþjónustu en á þessu tímabili hefur útflutningur hennar vaxið um 264 ma.kr. Án þess vaxtar væri þjónustujöfnuður í dag 10 ma.kr., að öðru óbreyttu.





Innihald og form skjals þessa er unnið af starfsmönnum Hagfræðideildar Landsbankans hf. (hagfraedideild@landsbankinn.is) og byggist á aðgengilegum opinberum upplýsingum á þeim tíma sem greiningin var unnin. Mat á þeim upplýsingum endurspeglar skoðanir starfsmanna Hagfræðideildar Landsbankans á þeim degi þegar greiningin er dagsett, en þær geta breyst án fyrirvara.

Landsbankinn hf. og starfsfólk hans taka ekki ábyrgð á viðskiptum sem byggð eru á þeim upplýsingum og skoðunum sem hér eru settar fram, enda eru þær ekki veittar sem persónuleg ráðgjöf fyrir einstök viðskipti.

Bent skal á að Landsbankinn hf. getur á hverjum tíma haft beinna eða óbeinna hagsmuna að gæta, ýmist sjálfur, dótturfélög hans eða fyrir hönd viðskiptamanna, s.s. sem fjárfestir, lánardrottinn eða þjónustuaðili. Greiningar eru engu að síður unnar sjálfstætt af Hagfræðideild Landsbankans og innan Landsbankans eru í gildi reglur um aðskilnað starfssviða sem eru aðgengilegar á vef bankans.